

**Nd.**

**591. Nefndarálit**

[76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, rætt það á mörgum fundum og kvatt sér til ráðuneytis ríkisskattstjóra og ráðuneytisstjórnann í fjármálaráðuneytinu. Einnig hefur hún rætt þær brtt., sem fram komu við 1. umræðu málsins. Nefndin hefur og haft til meðferðar frumvarp um breytingar á sömu lögum, flm. Ingólfur Jónsson og fleiri. Þá hefur fjárhags- og viðskiptanefnd einnig fjallað um tillögur og ábendingar, sem nefndinni bárust frá fjármálaráðuneytinu.

Formaður nefndarinnar flytur nokkrar breytingartillögur, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með greindum breytingum. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu. Minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
form., frsm.

Gils Guðmundsson,  
fundaskr.

Þórarinn Þórarinsson.

Karvel Pálmason.